

Inngangur

Stjórn var kosin á vofundi Kvasis - samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni á vofundi Kvasis í Grundarfirði 27. apríl, 2005. Í stjórn sátu: Bryndís Þráinsdóttir frá Farskólanum, Guðjónína Sæmundsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Sigurður Ólafsson frá Fræðsluneti Austurlands. Fundir stjórnar á starfsárinu voru sem hér segir:

Fundir

Félags- og stjórnarfundir Kvasis 2005 - 2006

Fundur	Staður	Dagsetning	Dagskrá	Tegund fundar
1	Keflavík	24. júní	Stjórn skipti með sér verkum	Stjórnarfundur
2	Keflavík	22. ágúst	Verðandi haustfundur á Húsavík	Samráðsfundur með Guðrúnu Jóhannsdóttur
3	Reykjavík	26. ágúst	Verðandi haustfundur og fjárlaganefndarfundur	Stjórnarfundur
4	Keflavík	12. október	Undirbúningur fyrir fjárlaganefnd	Stjórnarfundur
5	Reykjavík	20. október	Fundur með fjárlaganefnd	Stjórnarfundur
6	Húsavík	25. – 26. okt	Innri mál Kvasis og félagsfundur	Haustfundur Kvasis
7	Reykjavík	7. nóvemb.	Fundur með menntamálanefnd Alþingis	Stjórn
8	Reykjavík	23. nóvemb.	Fjallað um fjárveitingar vegna samninga ríkisstjórnar og ASÍ	Stjórnarfundur
9	Fjarfundur	6. janúar	Skýrsla starfshóps um opinberan st. Við skipulag og uppb. Aðstöðu til fjarnáms	Félagsfundur
10	Fjarfundur	12. janúar	Undirbúningur vofundar o.fl.	Stjórnarfundur
11	Reykjavík	19. janúar	M.a. samningar ASÍ og framlag ríkisins til fræðslumála	Félagsfundur
12	Reykjavík	2. febrúar	Tillögur FA um skiptingu fjár ríkisstjórnarinnar kynnt	Formaður Kvasis
13	Fjarfundur	27. febrúar	Fundur um FS netið	Kvasir
14	Reykjavík	27. febrúar	Undirbúningur fyrir vofund Kvasis	Stjórnarfundur
15	Reykjavík	27. febrúar	Fundur með Gissuri Péturssyni vegna styrkumsóknar til náms- og starfsráðgjafar	Stjórn

Verkefni

Fjármögnun

Óskað var eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að tryggð yrði ákveðið grunnframlag til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni.

1. Starfsmannahald	8,8 millj.
2. Aðstaða	3,6 millj.
3. FS-netið	1,3 millj.
4. Sérverkefni	1,1 millj.
Samtals	14,8 millj.

Niðurstaðan var sú að fyrir árið 2005 fengu stöðvarnar 9.9 milljónir króna til reksturs sem er hækkun upp á 4,4 % á milli ára, auk 1.200.000 fyrir FS netið (sjá fylgiskjal 1).

Starfshópur menntamálaráðherra um „opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins“

Kvasir átti tvö fulltrúa í nefndinni; Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur og Ingu Sigurðardóttur sem tók við af Jóni Hjartarsyni. Nefndin skilaði skýrslu sinni í lok ársins 2005. Kvasir fundaði um skýrsluna og sendi ályktun til menntamálaráðherra í mars (sjá fylgiskjal 2)

Menntabruín

Rekstur Menntabruar hefur gengið vel á tímabilinu. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eiga 1/3 hlut í brúnni. Auk þess eiga Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri 1/3 hlut hvor. Í stjórn Menntabruarinnar situr Smári Haraldsson en hann tók við af Sigurði Ólafssyni í október 2005.

Leikn – heildarsamtök um fullorðinsfræðslu

Leikn var stofnað árið 2005. Í stjórn Leiknar situr f.h. Kvasis Smári Haraldsson og er hann formaður og Guðjónína Sæmundsdóttir og er hún gjaldkeri.

Erlend samskipti

Kvasir sagði sig úr samtökunum EAEA á haustdögum þar sem heppilegra þótti að Leikn – heildarsamtök um fullorðinsfræðslu væri meðlimur að EAEA.

Nordplus vöksen.

Kvasir er aðili að umsókn um styrk til samstarfsverkefnis á vegum Nordplus vöksen áætlunarinnar ásamt aðilum á hinum Norðurlöndunum. Verkefnið kallast: „Realkompetence i folkeoplysningen – udvikling af fælles nordisk forståelse baseret på tværnordiske metoder“, sem eins og nafnið gefur til kynna fjallar um raunfærnimat. Inga Sigurðardóttir og Valgerður Guðjónsdóttir taka þátt í verkefninu fyrir hönd Kvasis.

Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins um símenntun.

Menntamálaráðuneytið skipaði í október 2004 í sjö manna verkefnisstjórn um símenntun til þriggja ára. Guðjónína Sæmundsdóttir er fulltrúi Kvasis í verkefnisstjórninni.

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins undir stjórn Ingibjargar Guðmundsdóttur hefur tekið að sér umsýslu með fjármagn það sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt til fræðslumála í sambandi við kjarasamninga ASÍ frá því í nóvember 2005. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni fá fjármagn til að sinna náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum fyrir markhóp FA. Einnig geta miðstöðvarnar fengið fjármagn til að kenna námskrár sem vottaðar hafa verið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stöðvarnar gera skriflega samninga við Fræðslumiðstöðina vegna þessara verkefna.

Vorfundur 2005

Vorfundur Kvasis var haldinn í Grundarfirði dagana 26. og 27. apríl 1005. Þema fundarins var „símenntun fólks með stutta skólagöngu“. (Sjá dagskrá og fundargerð í fylgiskjöllum). Fundurinn var skipulagður af Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi undir stjórn Ingu Sigurðardóttur, þáverandi formanni Kvasis. Hópurinn fór meðal annars í eftirminnilega siglingu um Breiðafjörð. Ingu og samstarfskonum hennar eru færðar þakkir fyrir frábærar móttökur í Grundarfirði.

Hautfundur 2005

Hautfundur Kvasis var haldinn á Húsavík dagana 25. og 26. október. Fræþing bar hitann og þungann af skipulagningu haustfundar og eru Guðrúnu Jóhannsdóttur og samstarfsfólki hennar þakkaðar hlýjar og góðar móttökur. Fjallað var um gæðamál fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, erlent samstarf og innri mál (sjá dagskrá og fundargerð í fylgiskjöllum).

Félagsfundir

Tveir félagsfundir voru haldnir í myndfundi og einn fundur í Reykjavík. Fjölluðu þeir meðal annars um gæðamál og gæðastaðla Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fjármagn ríkisstjórnarinnar til fræðslumála vegna ASÍ samninga.

Að lokum

Á þessu starfsári sem er að ljúka urðu breytingar á þeim samstarfshópi sem myndar Kvasi. Sigurður Ólafsson lét af störfum hjá Fræðsluneti Austurlands. Stjórn Kvasis þakkar Sigurði ljúfa viðkyrningu og góð störf fyrir Kvasi. Einnig lét Jón Hjartarson af störfum sem framkvæmdarstjóri Fræðslunets Suðurlands og Ásmundur Sverrir Pálsson tók við því starfi. Jón starfar þó áfram að ýmsum verkefnum fyrir Fræðslunetið. Valgerður Guðjónsdóttir tók við stöðu framkvæmdarstjóra hjá Visku í Vestmannaeyjum og Guðrún Reykdal tók við stöfum framkvæmdarstjóra Fræðslunets Austurlands nú í vor. Þær eru báðar boðnar velkomnar til starfa.

Stjórn Kvasis, starfsárið 2005 - 2006 þakkar félagsmönnum og fjölmörgum öðrum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Nú viku Bryndís Þráinsdóttir úr stjórn. Guðjónína Sæmundsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir munu sitja áfram, ásamt nýjum stjórnarmeðlim sem kosinn verður á þessum vorfundi.

Bryndís Þráinsdóttir
Guðjónína Sæmundsdóttir
Valgerður Guðjónsdóttir